

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjörnuegg Vallá, Kjalarnesi



Dags eftirlits	13.9.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Stjörnuegg	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Vallá	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630191-1579	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	H. Kristín Geirsdóttir	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sett voru fjögur frávik frá lögum, reglum og kröfum í starfsleyfi og fjórar ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirliti var farið í reglubundið eftirlit í Stjörnuegg að Vallá þann 13. september 2023. Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Heilbrigðiseftirlitinu í Reykjavík sem rennur út 15. nóvember 2023.

Boðuð dagskrá

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar
- Heimild til álagningu stjórnvaldssekta
- Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits
- Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg
- Gjaldskrá
- Grænt bókhald
- Útstreymisbókhald
- Kvartanir
- Umfang starfseminnar
- Heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefnis
- Heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft
- Eftirlit og innra eftirlit
- Áhættumat
- Annað
- Vettvangsferð

Niðurstöður síðasta eftirlits

Eitt eldra frávik er opið frá árinu 2018 er varðar fjölda fugla og að rekstraraðili þurfi að sækja um nýtt starfsleyfi. Núgildandi starfsleyfi rennur út 15. nóvember 2023 og hefur Umhverfisstofnun ekki borist umsókn um nýtt starfsleyfi. Tvær ábendingar eru frá fyrra eftirliti þar sem rekstraraðila er annarsvegar bent á að fara yfir aðstöðu til geymslu á áburði yfir vetrarmánuðina og hins vegar að tryggja að áburði sé ekki dreift á vatnsverndarsvæði og önnur viðkvæm svæði. Enginn áburður er geymdur á svæðinu og viðtakendur áburðarins eru ekki sérstaklega upplýstir um að fara skuli að reglum sem settar eru í góðum búskaparháttum við geymslu og dreifingu áburðarins.

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar

Upplýsingar um það hvernig hægt er að setja upp áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar var send til rekstraraðila fyrir eftirlitið. Rætt var um áætlunina í eftirlitinu. Rekstraraðili sendi til Umhverfisstofnunar nýja áætlun vegna rekstrarstöðvunar þann 25. september 2023.

Heimild til álagningu stjórnvaldssekta

Upplýsingar um heimild Umhverfisstofnunar til álagningar stjórnvaldssekta voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið ásamt því að vera ræddar í eftirlitinu.

Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits

Upplýsingar um breytt fyrirkomulag við boðun eftirlits voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið ásamt því að vera ræddar í eftirlitinu.

Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg.

Farið var yfir tilganginn með gagnagrunninum um mengaðan jarðveg og hvort ská eigi reksturinn inn í hann. Niðurstaðan var að þar sem engin umhverfisóhöpp hafa orðið og starfsemin er þannig að ekki er gert ráð fyrir að mengun berist í jarðveg er starfsemin ekki færð inn í gagnagrunninn.

Gjaldskrá

Upplýsingar um nýja gjaldskrá voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið og ræddar í eftirlitinu.

Grænt bókhald

Grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí á hverju ári fyrir undangengið almanaks ár. Grænu bókhaldi var skilað fyrir árið 2021 þann 3. júní 2022 og fyrir árið 2022 var grænu bókhaldi skilað þann 8. júní 2023.

Útstreymisbókhald

Útstreymisbókhaldi skal skilað fyrir 1. maí á hverju ári fyrir undangengið almanaks ár. Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2021 var skilað þann 11. maí 2022 og fyrir árið 2022 var skilað þann 16. maí 2023.

Kvartanir

Engar kvartanir hafa borist, hvorki til Umhverfisstofnunar né rekstraraðila.

Umfang starfseminnar

Núgildandi deiliskipulag á svæðinu heimilar 50.000 fugla á búinu. Leyfilegur fjöldi fugla á búinu kemur ekki fram í starfsleyfinu. Í útstreymisbókhaldinu var fjöldi fugla árið 2022 63.000. Rekstraraðili gat ekki upplýst um fjölda fugla á búinu í eftirlitinu en sendi inn upplýsingar um fjölda fugla þann 25. september 2025 og var fjöldi fugla í húsinu þá um 66.000.

Heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefnis

Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt útreikninga eða mælingar á heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sbr. kröfur í BAT3 og BAT4.

Heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft

Rekstraraðili hefur ekki framkvæmt útreikninga eða mælingar á heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft skv BAT31.

Eftirlit og innra eftirlit

Í eftirlitinu var farið yfir kafla 5.1 í starfsleyfinu, upplýsingar sem rekstraraðili á að halda skýrslur og dagbók um jafnóðum. Rekstraraðili gat ekki sýnt skýrslur eða dagbækur í eftirlitinu en gat gert grein fyrir vissum atriðum munnlega.

- Rekstraraðili gat ekki gefið upp fjölda fugla í húsinu í eftirlitinu.
- Ekki er fylgst með fóðurnotkuninni sérstaklega nema gegnum reikninga frá fyrirtækinu sem fóðrið er keypt af.
- Vatnsnotkunin er ekki mæld nema á ársgrundvelli.
- Loftræstingu er viðhaldið eftir þörfum, ekki er til staðar viðhaldsplan eða dagbók um það. Á svæðinu eru tvær 4.600 lítra rotþrær og ein 20.000 lítra rotþræ. Þrærnar eru tæmdar á tveggja ára fresti en ekki eftir þörfum.
- Engin lyf eru geymd á svæðinu, engin spilliefni verða til við framleiðsluna. Þrif í framleiðsluhúsunum eru eingöngu gerð með vatni.
- Engin mengunarslys hafa átt sér stað skv upplýsingum rekstraraðila.

Áhættumat

Áhættumatið fyrir fyrirtækið var yfirfarið í eftirlitinu.

Annað

Í eftirlitinu kom fram að rekstraraðili þekkir ekki til innihalds starfsleyfissins, né hefur það undir höndum.

Tekið var fram í eftirlitinu að starfsleyfið rennur út þann 15. nóvember 2023 og því orðið mjög áriðandi að senda inn umsókn um nýtt starfsleyfi sé ætlunin að halda starfseminni óskertri eftir þann tíma.

Vettvangsferð

Farið var í vettvangsferð og athafnasvæðið skoðað. Umhverfið var snyrtilegt. Olíugeymirinn á svæðinu sem tengdur er við vararafstöðina var skoðaður. Tankurinn er tvöfaldur og það eru nokkrir hnullungar staðsettir í kringum hann til varnar gegn árekstrum. Þó væri hægt að auka árekstrarvarnirnar svo ekki skapist hætta á mengunarslysi.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 11 í reglugerð nr 851/2002 um skil á grænu bókhaldi.

Grænt bókhald barst fyrir árið 2021 ekki fyrir 1. maí 2022. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun 3. júní 2022.

Gr. 11 í reglugerð nr 851/2002 um skil á grænu bókhaldi.

Grænt bókhald barst fyrir árið 2022 ekki fyrir 1. maí 2023. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun 8. júní 2023.

Gr. 2 í reglugerð 990/2008 um skil á ústreymisbókhaldi

Ústreymisbókhald fyrir 2021 barst ekki fyrir 1. maí 2022.
Ústreymisbókhald barst Umhverfisstofnun 11. maí 2022.

Gr. 2 í reglugerð 990/2008 um skil á ústreymisbókhaldi

Ústreymisbókhald fyrir 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023.
Ústreymisbókhald barst Umhverfisstofnun 16. maí 2023.

ÁBENDINGAR

Bent er á að fjöldi fugla á búinu er ekki í samræmi við skipulag.

Bent er á að upplýsa þurfi viðtakendur áburðar um að fara skuli eftir góðum búskaparháttum við geymslu og dreifingu áburðar.

Bent er á að hægt er að bæta árekstrarvarnir kringum olúgeyminn á svæðinu.

Bent er á að rekstraraðili skal skv. BAT á hverju ári reikna eða mæla heildarlosun köfnunarefnis og fosfórs sem úrgangsefnis og heildarlosun ammóníaks í andrúmsloft.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.11.2023



Kristín Kröyer

